

Ed.

1070. Nefndarálit

[301. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Fyrsti minni hl. flytur breytingartillögur á sérstöku þingskjali og mun styðja frumvarp þetta með þeim rökum að:

- a. talið er að kaupleigukerfi geti opnað möguleika fyrir leiguhúsnæði,
- b. kaupleiga geti opnað nýja þróunarmöguleika í hinu félagslega húsnæðislánakerfi.

Verði frumvarpið samþykkt verður að gera kröfur til þess að ríkisstjórnin standi við þau fyrirheit sem í frumvarpinu felast. Fyrsti minni hl. hefur að vísu alla fyrirvara í þeim efnum þar sem núverandi ríkisstjórn hefur ekkert aðhafst í húsnæðismálum sem breytt hefur einu eða neinu í þágu eigenda eða leigjenda. En eftir því verður gengið að ríkisstjórnin og félagsmálaráðherra standi við sitt gagnvart því fólki sem nú bindur vonir við kaupleigukerfið.

Fyrir síðustu kosningar blöstu eftirfarandi vandamál við húsnæðiskerfinu:

1. Bið fram í maí 1991 — eftir kosningar!

Biðlistar voru orðnir svo langir að fólk virtist dæmt til að biða fram á næsta áratug eftir úrlausn sinna mála. Þegar þetta er skrifað er enn ljóst að fólk verður að biða allt að þrjú og hálf ár eftir afgreiðslu húsnæðislána og er staðan nú þannig að sögn starfsmanna Húsnæðisstofnunar:

- a. Sá sem sækir í dag og er í forgangsflokki verður að gera ráð fyrir því að þurfa að biða í 2–2½ ár eftir láni. Sá sem sækir um í dag fær því afgreiðslu í fyrsta lagi í maí 1990 ef hann er í forgangsflokki en í síðasta lagi fær hann afgreiðslu í nóvember 1990!
- b. Sá sem sækir um í dag og er ekki í forgangsflokki fær þá afgreiðslu sinna mála í fyrsta lagi í nóvember 1990 en í síðasta lagi í maí 1991. Þá verður kjörtímabili núverandi ríkisstjórnar reyndar nýlega lokið.

Biðlistarnir hafa því ekki styst í tíð núverandi ríkisstjórnar.

2. Misgengishópurinn bíður enn.

Misgengishópurinn — frá því að kaupgjaldsvísitalan var tekin úr sambandi 1983 — fékk bindandi fyrirheit frá flokkunum fyrir síðustu kosningar. Ekkert hefur verið gert í tíð núverandi ríkisstjórnar til þess að leysa vanda þessa fólks, reyndar þvert á móti þar sem raunvextir hafa aldrei verið hærri.

3. Skerðing ríkisframlaga.

Frá því að nýja húsnæðiskerfið var ákveðið hefur átt sér stað stöðug skerðing á framlögum ríkisins til húsnæðismála. Ekkert hefur enn gerst sem bendir til þess að lagfæra eigi ríkisframlög til húsnæðismálanna.

Endurskoða á allt húsnæðiskerfið.

Frammi fyrir þessum staðreyndum hefur félagsmálaráðherra nú gefist upp og ákveðið að freista þess að láta fara fram heildarendurskoðun á húsnæðislánakerfinu. Hefur þeim sjónarmiðum því verið hreyft að rétt væri að biða með afgreiðslu á kaupleigufrumvarpinu þar til heildarendurskoðun væri lokið. Á þau sjónarmið hefur Alþýðuflokkurinn ekki viljað fallast og hefur lagt ráðherrasæti Jóhönnu Sigurðardóttur að veði fyrir málinu. Hér er því annars vegar um að ræða enn eitt stríðsmálið milli stjórnarflokkanna — og það er þeirra mál að leysa það — en hins vegar er hér um að ræða skynsamlegar hugmyndir sem vert er að fallast á með þeim rökum sem getið var um í upphafi.

Með hundshaus.

Ekki veur það mikla tiltrú á annars ágætu máli að stjórnarliðið afgreiðir málið í hinni mestu fýlu og með hundshaus. Þannig skín þvermóðskan út úr nefndarálitni meiri hl. í neðri deild, en þar segir meðal annars:

„Athygli veur að ekki hafa borist svör frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Sambandi ísl. sveitarfélaga, samtökum atvinnurekenda, Landssambandi lífeyrissjóða og frá mjög fáum sveitarfélögum. Virðist því lítill áhugi á frumvarpinu.“

„Einstakir nefndarmenn meiri hl. draga í efa mikilvægi þessa frumvarps, svo sem að það valdi straumhvörfum í húsnæðiskerfinu, og telja að eðlilegra hefði verið að fresta afgreiðslu þess og tengja það heildarendurskoðun húsnæðismála, ekki síst félagslega kerfisins.“

„Meiri hl. nefndarinnar telur hins vegar rétt að afgreiða þetta frumvarp í samræmi við skuldbindingu formanna flokkanna.“

Það eru með öðrum orðum einu rök meiri hl. í neðri deild að þar sem formenn stjórnarflokkanna vilji afgreiða málið þá verði það gert. Þessi „rök“ nægja ekki undirrituðum. Afstaða hans til málsins byggist á efnislegum forsendum.

Með hliðsjón af þessu leggur 1. minni hl. því til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali og verður gerð grein fyrir henni við umræðu málsins.

Alþingi, 6. maí 1988.

Svavar Gestsson.